

Málþing Menntamálaráðuneytis um nýja sjónvarpstilskipun ESB
Haldið í Þjóðminjasafninu þann 10. apríl 2008, kl. 13-17

Lagalegt umhverfi fjölmiðla á Íslandi

Karl Axelsson hrl og dósent

Lagalegt umhverfi fjölmiðla á Íslandi I.

- Fyrstu tilraunir með útvarpsrekstur hefjast á þriðja áratug síðustu aldar.
- Ríkisútvarpið hóf starfsemi í árslok 1930.
- Upphaf tímatalis almennrar löggjafar um ljósvakamiðla er þó ekki fyrr en 1985 þegar rekstur útvarps verður frjáls og útvarpslög nr. 68/1985 taka gildi.

Lagalegt umhverfi fjölmiðla á Íslandi II.

- Útvarpslöggjöfin í tvígang sætt grundvallar endurskoðun frá 1985.
- Með lögum nr. 82/1983 voru útvarpslögin frá 1985 löguð að tilskipun 89/552/EBE um sjónvarp án landamæra.
- Með gildandi útvarpslögum nr. 53/2000 var tilætlunin að mynda almennan ramma um alla útvarpsstarfsemi í landinu og bregðast við fyrirmælum tilskipunar 97/36/EB.
- Allar helstu breytingar sem gerðar hafa verið á útvarpslöggjöfinni frá 1985 vegna skuldbindinga, skv. EES samningnum.

Lagalegt umhverfi fjölmiðla á Íslandi III.

- Að landsrétti mynda eftirtalinn lög f.f. umhverfi fjölmiðla:
 - 73. gr. stjórnarskrár.
 - Útvarpslög nr. 53/2000.
 - Fjarskiptalög nr. 81/2003.
 - Lög um prentrétt nr. 5771956
 - Samkeppnislög nr. 44/2005.
- Smekksatriði hvort undir þennan flokk eigi að fella fleiri lög, auk þess sem ljóst er að lögleiðing tilskipunar 2007/65/EBE mun leiða til þess að um skörun við fleiri lög verður að ræða.

Lagalegt umhverfi fjölmiðla á Íslandi IV.

- Fjölmiðlalöggjöfin frá 1985 eins sú frjáslegasta sem þekkist.
- Árið 1995 skipaður sérstakur starfshópur sem skilaði skýrslu í apríl 1996.
 - Settar fram tillögur um að skerpa opinbert þjónustuhlutverk RÚV og efla menningarhlutverk einkarekinna ljósvakamiðla.
 - Ekki þörf á því að kveða sérstaklega á um takmörkun eignarhalds á ljósvakamiðlum í útvarpslögum. Varðveita skyldi frelsið frá 1985 auk þess sem reynsla annarra þjóða af slíkri löggjöf var talin slæm.
 - Nefndin lagði jafnframt til að stjórnarsýslu útvarpsmála yrði breytt í nokkrum grundvallaratriðum .

Lagalegt umhverfi fjölmiðla á Íslandi IV.

- Tillögur nefndarinnar frá 1996 komu ekki til framkvæmda.
- Í upphafi 21. aldar og í kjölfar samsetningar fjölmiðla og breytts eignarhalds voru sumir stjórnáamenn farnir að efast um kosti þessa frjálstræðis.
- Í framhaldinu brast á það sem helst verður líkt við fárviðri.

Lagalegt umhverfi fjölmiðla á Íslandi V.

- Ný nefnd skipuð í árslok 2003. Hún skilaði skýrslu í apríl 2004.
 - Grunnforsendan í skýrslunni var hið almenna viðhorf um mikilvægi fjölmiðla í nútíma lýðræðisþjóðfélagi.
 - Mikilvægi skoðana- og tjáningarfelsis.
 - Fjölbreytni í fjölmiðlum.
 - Megin niðurstaðan var að samþjöppun eignarhalds væri mikil og óheppileg út frá alþjóðlegum viðmiðunum.
 - Lagðar fram margar tillögur sem stjórnvöld gátu valið úr (hlaðborð).
- Fjölmiðlamálið.

Lagalegt umhverfi fjölmiðla á Íslandi

VI.

- Þverpólitísk nefnd skipuð haustið 2004. Hún skilaði skýrslu í apríl 2005. Markmið með starfi nefndarinnar nefndarinnar voru m.a. þessi:
 - Skoða þróun í evrópskri fjölmiðlalöggjöf.
 - Leggja mat á þróun, m.a. stafræna þróun.
 - Að fjalla um hlutverk RÚV.
 - Að skoða samþjöppun eignarhalds.
 - Að meta hvaða breytingar og nýmæli væru æskileg í íslenskri löggjöf.

Lagalegt umhverfi fjölmiðla á Íslandi

VI.

- Niðurstöður/sáttargjörð þeirrar nefndar, sem skilaði skýrslu í apríl 2005, urðu í aðalatriðum þessarar:
 - Að Ríkisútvarpið yrði áfram öflugt almannapjónustuúttvarp í eigu allra landsmanna.
 - Að settar yrðu reglur sem tryggi gagnsæi eignarhalds á fjölmiðlum.
 - Að reglur um leyfisveitingar til rekstrar hljóðvarps og sjónvarps yrðu teknar til endurskoðunar.
 - Að eignarhald á fjölmiðlum, sem náð hefði ákveðinni útbreiðslu eða hlutdeild á markaði, yrði bundið takmörkunum með þeim hætti að aðilum yrðu sett hófleg takmörk um heimilan eignarhluta.

Lagalegt umhverfi fjölmiðla á Íslandi

VI.

- Niðurstöður/sáttargjörð þeirrar nefndar, sem skilaði skýrslu í apríl 2005, urðu í aðalatriðum þessarar (framhald):
 - Að settar yrðu reglur sem tryggðu aukið val neytenda þannig að efnisveitur fengju aðgang að ólíkum dreifiveitum og dreifiveitur fengju flutningsrétt á fjölbreyttu efni.
 - Að mótaðar yrðu reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði í fjölmiðlum.
 - Að stjórnarsýsla yrði og skýrð.
- Veturinn 2005-2006 var síðan unnið frumvarp á grundvelli tillagna nefndarinnar, sem þó var ekki afgreitt á þingi.

Lagalegt umhverfi fjölmiðla á Íslandi VII.

- Enn á ný á vegamótum.
- Fyrir dyrum stendur endurskoðun útvarpslaga
- Eins og 1993 og 2000 er hið beina tilefni ný tilskipun Evrópusambandsins, 2007/65/EBE sú hin sama og aðrir frummælendur gera nánari grein fyrir hér í dag.
- Tilefni endurskoðunar hefur þó skýrskotun til fleiri þátta.

Lagalegt umhverfi fjölmiðla á Íslandi VIII.

- Gildandi útvarpslög nr. 53/2000 þegar orðin úrelt um margt.
- Nauðsynleg samleið með öðrum ríkjum í “landamæralausum” heimi ljósvakamiðla og fjarskipta.
- Gruggið sest eftir átökin 2004-2005.
- Velja það besta úr tillögum hinnar þverpólítísku fjölmiðlanefndar.

Lagalegt umhverfi fjölmiðla á Íslandi IX.

- Markmið menntamálaráðherra að nýtt frumvarp verði fullbúið á haustþingi.
- Við vinnslu þess verði eftir föngum tryggt að nægilegt samráð verði haft við hagsmunaaðila í greininni, sem og aðra þá sem um fjölmiðlamál véla.